

Sunddeild Ungmennafélas Selfoss

Stjórnarfundur í Tíbrá á Selfossi þann 11. júlí 2007.

Mættir voru:

Sigrún Sunna Skúladóttir
Árni Laugdal
Björgvin Bjarnason

Sigurbjörg Björnsdóttir
Charlotte Sjørup Nielsen

Fundur settur klukkan 20:10

Eftir er að manna eina helgi í götusóp. Ræddar leiðir vegna þess. Formaður tekur að sér nokkur símtöl til að bjarga málunum. Óviðunandi er hve foreldrar iðkenda eru áhugalitli varðandi þessa góðu fjáröflun.

Útfærsla flöskusöfnunar rædd. Björgvin tekur að sér að ræða við Endurvinnsluna um sísofnun. Næsta flöskusöfnun verði 22. september og þá 12. janúar 2008. Vorsöfnunin verður 29. mars næsta vor. Stefnt er á að uppskeruferðirnar verði næsta fimmtudag á eftir flöskusöfnun.

Æfingar hefjast mánudaginn 27. ágúst.

Björgvin kynnir ráðningarsamning og starfslýsingu fyrir þjálfara. Ráðningu þjálfara er ekki lokið. Fjármálastjóri er með umsækjendur í viðtali og vonast til að ljúka því í vikunni.

Markaðssetning haustsins rædd. Árni setur upp hugmynd og varpar henni áfram til stjórnarinnar, sem lofar að koma með góðar, miklar og gagnlegar ábendingar svo deildin veki áhuga ungmenna.

Rætt mál, sem formaður vildi ekki færa til bókar.

Næsti fundur ákveðinn 2007-08-15 klukkan 20:00 í Tíbrá.

Fundi slitið klukkan 21:45

Árni Laugdal